


Ársskýrsla 2020

Grænni Byggð - Green Building Council
Iceland



Ávarp stjórnarformanns

Árið 2020 verður lengi í minnum haft fyrir margra hluta sakir en ekki minnst vegna þeirra samkomutakmarkana sem beitt hefur verið til þess að draga úr smithættu í alheims faraldrinum. Skiljanlega hefur þetta sett mark sitt á starfsemi félags sem hefur það að meginmarkmiði að hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi. Í stað viðburða þar sem fólk hefur mætt og tekið beinan þátt í umræðunni og skipst á skoðunum, hefur þurft að færa atburði inn á stafrænan vettvang og leggja áherslu á netmiðlun þar sem öll gagnvirk samskipti í stærri hópum eru takmörk sett. Félaginu lánaðist þó að halda Dag Grænni byggðar með nokkuð hefðbundnum hætti í byrjun september á síðasta ári. Hefur framkvæmdastjóri félagsins, ásamt starfsfólki, unnið mikið og þakkarvert starf til að bregðast við þessum óvæntu aðstæðum og halda starfseminni og málefni umræðunni á lofti í samfélaginu.



*Ragnar Ómarsson,
stjórnarformaður*

Á síðasta ári leiddi starf félagsins við úrlausn rannsóknarverkefna til aukins samstarfs með hinni nýju Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Samtökum iðnaðarins við skipulagningu og mótun samstarfsverkefnis sem felst í að gera vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð til ársins 2030. Er verkefnið liður í uppfærðri aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum sem lýtur að loftslagsáhrifum byggingariðnaðarins. Eru um þessar mundir sex hópar fagfólks að störfum við úrlausn verkefnisins og kemur stærsti hluti þeirra úr röðum aðildarfélaga Grænni byggðar. Má segja að með þessu hafi samtökin skipað sér sess sem leiðandi aðili í mótun sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi.

Við lok síðasta árs hafði Grænni byggð frumkvæði að því að norræn systurfélög í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Danmörku tóku höndum saman við skipulagningu nánara samstarfs um sameiginlega viðburði og miðlun upplýsinga. Verður spennandi að sjá hver framvindan verður á þessu sviði á komandi árum. Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Grænni byggðar, hefur haft veg og vanda að þessu samstarfi og leitt það áfram af mikilli röggsemi og á hún fyrir það bestu þakkir skildar.

Þrátt fyrir ýmsar hindranir á síðasta ári var starfsemi félagsins með miklum blóma. Þær óvæntu aðstæður sem upp komu með samkomutakmörkunum hafa beint starfi félagsins inn á nýjar brautir og ljóst er að þær hafa leitt til jákvæðra breytinga í áherslum sem munu styrkja innviði félagsins. Þá hafa aðildarfélögin að venju tekið vel í allar umleitanir um að styðja við starfsemi félagsins og vil ég fyrir hönd stjórnarinnar þakka þeim kærlega fyrir þeirra framlag og stuðning. Saman mótum við sjálfbæra þróun í mannvirkjagerð og skipulagi.

Ávarp stjórnarformanns.....	2
Stjórn	5
Starfsemi stjórnar.....	6
Aðilar 2020	7
Aðilar í fyrsta flokki:	7
Aðilar í öðrum flokki:	8
Aðilar í þriðja flokki:.....	8
Aðilar í fjórða flokki (einstaklingsfyrirtæki):	10
Rekstur.....	11
Starfsfólk.....	11
Aðsetur	11
Heimasíða og samfélagsmiðlar	11
Tekjur og styrkt verkefni.....	12
Viðburðir.....	13
Tíu ára afmæli, loftslagsmál og byggingar, útgáfa og kaka.....	13
Sjálfbærni í byggingariðnaði – fyrirlestrarröð með IÐUNNI.....	13
BREEAM-IS viðauki	13
Morgunfundur: Ferðavenjur í borgarumhverfi eftir Covid19	14
Og hvað svo? Hið byggða umhverfi og hamfarahlýnun.....	14
Rafhjólavæðingin - Hádegisfundur	14
Dagur Grænni byggðar.....	14
Aðalfundur Grænni byggðar	16
Græn skuldabréf og fasteignir.....	16
Morgunfundur með IÐUNNI 29. október	16
Lifum betur 31.október til 1. nóvember - gjöf til aðila.....	17
Loftslagsstefna fyrirtækja	17
Svansvottaðar endurbætur á húsnæði.....	17
Morgunfundur með IÐUNNI 19. nóvember	18
Morgunfundur með IÐUNNI 10. desember	18
Fjölmiðlar	18
Þátttaka í viðburðum og erlent samstarf	19
Græn stefnumótun	19
Útgefið efni	20
Byggjum grænni framtíð	21

Stjórn

Í stjórn Grænni byggðar sitja 7 stjórnarmenn – fimm aðalmenn og tveir til vara. Í stjórn starfsárið 2020-2021 voru þau:



Ragnar Ómarsson
Formaður stjórnar GB

Byggingarverkfræðingur
Verkís



Kristjana Ósk Jónsdóttir
Gjaldkeri GB

Markaðsstjóri
Reitir fasteignafélag



Bjarni Þór Þórólfsson

Framkvæmdastjóri
Búseti



Alexandra Kjeld

Umhverfisverkfræðingur
EFLA



Ólafur H. Wallevik

Prófess./forstöðum.
HR/Rb. hjá NM



Sigríður Ó. Bjarnadóttir

Verkfr./aðjúntk HÍ
VSÓ Ráðgjöf



Olga Árnadóttir

Verkefnastjóri
Framkvæmdasýsla
ríkisins

Starfsemi stjórnar

Á árinu voru haldnir reglubundnir stjórnarfundir a.m.k. einu sinni í mánuði og síðan voru haldnir sérstakir aukafundir til þess að takast á við aðkallandi mál og til þess að bregðast við breyttum aðstæðum hverju sinni í kjölfar heimsfaraldursins. Eitt af því sem stjórn félagsins hefur unnið að á síðasta ári er að treysta fjárhagsstoðir félagsins með því að reyna að fjölga tekjustofnum þess. Í því sambandi er horft til þess að með næsta skrefi í aðild félagsins að World Green Building Council muni opnast fleiri möguleikar um samstarf við önnur landssamtök innan WGBC um úrlausnir á rannsóknarverkefnum sem greitt er fyrir með ýmsum styrkjum og úr sameiginlegum erlendum sjóðum. Frá síðasta aðalfundi sem haldinn var í september 2020 hefur stjórnin því farið rækilega yfir skipulag félagsins til þess að gera það betur í stakk búið til að takast á við aukin erlend samskipti sem þessu munu fylgja.

Tengt þessu hefur stjórn félagsins hafið undirbúning og viðræður við BRE Global Ltd. um að Grænni byggð taki að sér umboðshlutverk BREEAM á Íslandi. Með því yrði BREEAM vottunarkerfinu á Íslandi veitt langþráð skjól og unnt verður að hlúa að viðgangi þess og vexti sem íslensku vottunarkerfi. Með hlutverki sínu mun Grænni byggð hleypa af stokkunum reglubundnum námskeiðum í notkun vottunarkerfisins. Slíkt mun styrkja faglegan starfsgrundvöll Grænni byggðar og treysta frekar fjárhagslegar stoðir félagsins.

Með aðildarbreytingunni að WGBC og hlutverki Grænni byggðar sem umboðsaðila BREEAM vottunarkerfisins verða tekin skref í starfsemi félagsins sem munu hafa miklar breytingar í för með sér. Ábyrgð félagsins sem leiðandi aðila í sjálfbærri þróun mannvirkjagerðar og skipulags mun aukast um leið og faglegur og fjárhagslegur grunnur félagsins mun styrkjast og þegar fram líða stundir verður félagið betur búið til þess að takast á við krefjandi áskoranir sem framundan eru í okkar mikilvæga málaflokki.

Aðilar 2020

Á árinu 2020 bættust eftirfarandi aðilar í hópinn: Vistbyggð í 2. flokk. Húsasmiðjan, Umhverfisstofnun, IÐAN og Jáverk í 3. flokk. Í einstaklingsaðild í 4. flokk komu inn Hildur Ýr Ottósdóttir, Ydda arkitektar, Finnur Sveinsson, Visthús og Ástríður Birna Árnadóttir (og Karitas Möller) Arkítýpa arkitektar í 4. flokk.

Grænni byggð þakkar aðilum sínum kærlega fyrir samstarfið og stuðninginn á árinu 2020. Í lok árs 2020 voru 52 aðildarfélög að Grænni byggð. Á árinu færðist PAGO upp úr 4. flokki í 3. flokk.

Aðilar í fyrsta flokki:

Verkís verkfræðistofa, Reitir fasteignafélag, Húsnæðis og mannvirkjastofnun, Framkvæmdasýsla Ríkisins og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.



Aðilar í öðrum flokki:

Landsvirkjun, Búseti, Reykjavíkurborg, Fasteignir Ríkisins, EFLA verkfræðistofa, Hafnafjarðarbær og Vistbyggð.



Reykjavíkurborg



HAFNARFJÖRÐUR



Aðilar í þriðja flokki:

Alverk, Alta ráðgjöf, Arkís ehf, ASK arkitektar, Basalt Arkitektar, BM Vallá, BYKO, Eignaumsjón, Hornsteinar arkitektar, Íslenskir aðalverktakar, Landslag ehf., LímtréVírnet, Lota ehf, HBH byggir ehf., Húsasmiðjan, IDAN, Jáverk, , Mannvit verkfræðistofa, PAGO, Reginn fasteignafélag, Ríkiskaup, Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur, Skipulagsstofnun, Sólhús, Steinull hf., Teiknistofan Tark ehf., Teiknistofan Tröð ehf., THG arkitektar, Umhverfisstofnun, Urriðaholt ehf., VA Arkitektar, Vegagerðin, Vista verkfræðistofa, VSB verkfræðistofa og VSÓ Ráðgjöf.





THG  ARKITEKTAR



VSÓ RÁÐGJÖF



Aðilar í fjórða flokki (einstaklingsfyrirtæki):

Magnús Jensen, arkitekt og formaður Miðgarðs byggingarfélags, midgardur.betrailand.is. Arnildur Pálmadóttir arkitekt hjá Studio Arnildur Pálmadóttir, studioarnildurpalmadottir.is. Hildur Ýr Ottósdóttir arkitekt hjá Ydda arkitektar, www.ydda.is. Finnur Sveinsson, umhverfisfræðingur hjá Visthús, visthus.is. Ástríður Birna Árnadóttir hjá Arkítýpa, www.arkitypa.com

Rekstur

Starfsfólk



Elísabet Sara Emilsdóttir starfsnemi, Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri og Dagur Bollason, starfsnemi

Árið 2020 voru þrír sem störfuðu fyrir félagið á mismunandi tímum og í misstóru starfshlutfalli. Elísabet Sara Emilsdóttir var ráðinn starfsnemi um sumarið 2020 sem svo ílengdist fram í lok desember. Starfshlutfall Elísabetar Söru yfir árið var 45%. Dagur Bollason var sumarstarfsemi 2019 en var meðal annars að sinna útgáfu á fræðsluefni fram í febrúar 2020. Starfshlutfalls Dags yfir árið var um 14%.

Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir hefur starfað sem framkvæmdastjóri félagsins á starfsárinu, nema í nóvember og desember, þá tók Elísabet Sara Emilsdóttir við sem starfandi framkvæmdastjóri meðan Þórhildur var í starfsleyfi. Starfshlutfall Þórhildar Fjólu yfir árið var um 70%.

Aðsetur

Aðsetur Grænni byggðar hefur verður í eigin leiguhúsnæði að Laugavegi 176 allt starfstímabilið. Þar hefur félagið starfsaðstöðu fyrir 2-3 starfsmenn. Með hagstæðu leiguverði styður Reitir fasteignafélag aukalega við Grænni byggð.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Grænni byggð er með tæplega 2000 fylgjendur á Facebook og leitast við að vera virkt í að dreifa faglegu efni og viðburðum bæði frá aðildarfélögum Grænni byggðar og okkar eigin efni á miðlinum. Á

heimasíðu Grænni byggðar hefur nú verið bætt við mjög mikið af útgefni fræðsluefni undir útgefið efni en einnig er búið að bæta fræðslu á heimasíðunni undir fræðsla og miðlun. En þar má nú finna ýmislegt fræðsluefni t.d. um vottunarkerfi og hringrásarhagkerfið. Malgorzata Maria Lisowska arkitekt aðstoði framkvæmdastjóra við að setja inn EPD blöð sem aðgengileg eru á Íslandi inn á heimasíðu Grænni byggðar.

Á heimasíðu félagsins má finna allt um almennan rekstur félagsins, svo sem ársreikninga, ársskýrslur og fundargerðir stjórnar.

Tekjur og styrkt verkefni

Sjá nánar um fjármál félagsins árið 2020 í ársreikningi félagsins. Aðildagjöldin eru helsta tekjulind félagsins og námu þau um tæplega 11 milljónum á árinu. Annars var önnur stærsta tekjulind ársins - aðildagjöld frá 2019, sem höfðu færst yfir á 2020 vegna vinnu við rannsóknarverkefnin sem voru styrkt 2019.

Á árinu fékk Grænni byggð styrk að upphæð 500.000 kr frá Húsnæðis og mannvirkjastofnun til þess að taka saman stöðu umhverfismála í byggingariðnaði á Norðurlöndum.

Grænni byggð fékk einnig verkefnastyrki 2020 frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um Grænni rekstur fjölbylishúsa í samstarfi við Eignaumsjón og annan frá Reykjavíkurborg um Loftgæði og leikskóla. Báðir styrkir voru að upphæð 500.000 kr.

Arkitektafélag Íslands, Grænni byggð og félag íslenskra landslagsarkitekta fengu 300.000 kr. frá íþrótt og tómstundaráði Reykjavíkurborgar fyrir sýninguna Og hvað svo? Hið byggða umhverfi og hamfarahlýnun sem haldin far á HönnunarMars í júní 2020.

Einnig fékk félagið 300.000 rekstrarstyrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Sótt var um styrk í fræðsluverkefni um Hringrásarhagkerfið með pólska Green Building Council, nafn verkefnisins er CIRCON, Malgorzata Maria Lisowska arkitekt aðstoði framkvæmdastjóra við gerð umsóknarinnar.

Sótt var um styrk í loftslagssjóð um verkefni með Arkitektafélagi Íslands varðandi að halda vinnustofu til þess að skilgreina hvað NúllCo2 bygging er í íslenskum samhengi.

Viðburðir

Þrátt fyrir að sóttvarnaraðgerðir vegna Covid19 hafi sett strik sitt í reikninginn á starfsárinu er félagið afar ánægt með viðburði ársins, samstarf við hina ýmsu aðila varðandi viðburðina og þátttöku í þeim. Margir þeirra voru færðir yfir á rafrænt form sem gekk mjög vel fyrir sig. Á heimasíðu Grænni byggðar má finna nánari dagskrá viðburðanna og upptökur frá mörgum af viðburðum ársins undir www.graennibyggd.is/vidburdir

Tíu ára afmæli, loftslagsmál og byggingar, útgáfa og kaka

Þann 24. febrúar var haldinn 10 ára afmælisfundur Vistbyggðarráðs nú Grænni byggðar í húsakynnum Húsnæðis-og mannvirkjastofnunnar. En félagið var stofnað 23. Febrúar 2010. Þar fór Hlökk Theodórsdóttir forstjóri Skipulagsstofnunnar yfir sögu félagsins, Harpa Birgisdóttir yfir stöðuna varðandi loftslagsmál í byggingariðnaði og Þórhildur fór yfir helstu útgáfur og niðurstöður rannsóknarverkefna. Fundarstjóri var Jón Malmqvist Guðmundsson hjá HMS.

Sjálfbærni í byggingariðnaði – fyrirlestrarröð með IÐUNNI

Á árinu var öflugt samstarf við milli IÐUNNAR og Grænni byggðar. Það hófst í apríl þar sem Grænni byggð var með fyrirlestraröð - eða stutt námskeið um sjálfbærni í byggingariðnaði 29. apríl. Fyrirlestrarnir voru haldnir í gegnum fjarfundarbúnað IÐUNNAR og fyrirlesarar voru Ragnar Ómarsson og Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir. Um haustið var svo samstarfinu haldið áfram í morgun fyrirlestrarröð um sjálfbærni í byggingariðnaði.

BREEAM-IS viðauki

Þann 7. maí var haldinn morgunfundur um BREEAM íslenskan viðauka, en þar fór Þórhildur yfir hugmyndir Grænni byggðar og aðildarfyrirtækja um hvernig hægt væri/ætti að aðlagða BREEAM international new construction að íslenskum aðstæðum og þróa BREEAM-IS viðauka.

Morgunfundur: Ferðavenjur í borgarumhverfi eftir Covid19

Þann 23. júní var haldinn morgunfundur hjá Húsnæðis og mannvirkjastofnun um Ferðavenjur í borgarumhverfi eftir Covid19. Fundurinn var vel sóttur og var haldinn bæði í raunheimum og í gegnum Zoom fjarfundarbúnað.

Og hvað svo? Hið byggða umhverfi og hamfarahlýnun

Arkitektafélag Íslands, Grænni byggð og félag íslenskra landslagsarkitekta fengu 300.000 kr. frá íþrótt og tómstundaráði Reykjavíkurborgar fyrir sýninguna *Og hvað svo? Hið byggða umhverfi og hamfarahlýnun* sem haldin far á HönnunarMars í júní 2020. Verkefnastjóri sýningarinnar var Gerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri Arkitektafélags Íslands. Vinnuhópur fyrir sýninguna var: Björn Guðbrandsson (fyrir Grænni byggð) Hulda Einarsdóttir, Íris Reynisdóttir, Jóhanna Höeg, Lilja Kristín Ólafsdóttir og Svava Þorleifsdóttir. Sýningastjórar voru Baldur Helgi Snorrason og Snorri Eldjárn Snorrason.

Rafhjólavæðingin - Hádegisfundur

Þann 25. ágúst stóðu Grænni byggð, Græna orkan, Orkustofnun, Stjórnvísí og Hjólafærni fyrir hádegisfundi á Zoom um rafhjólavæðinguna á Íslandi. Fundarstjóri var Anna Margrét Kornelíusdóttir, verkefnastjóri Grænu orkunnar.


Farið var yfir reynsluna af rafhjólaverkefni Norðurorku og Reykjavíkurborgar, fjallað um Örfæði, og Reginn fjallaði um hvernig rafhjólavæðingin kemur við innviði við byggingar og sitthvað fleira.

Dagur Grænni byggðar

Dagur Grænni byggðar fór fram 10. september í Ráðhúsi Reykjavíkur. Metskráning var á ráðstefnuna, en hún var ókeypis og henni var streymt í beinni útsendingu. Alls voru 167 skráðir á ráðstefnuna. Öll erindin og upptökur frá ráðstefnunni má finna á heimasíðu Grænni byggðar undir Viðburðir.



Björn Guðbrandsson arkitekt hjá ARKÍS heldur erindi á Degi Grænni byggðar.



Halldóra Hreggviðsdóttir, framkvæmdastjóri Alta, heldur erindi á Degi Grænni byggðar.

Aðalfundur Grænni byggðar

Aðalfundur Grænni byggðar var haldinn í hádeginu 11. september í Hannesarholti. Þar fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf.

Græn skuldabréf og fasteignir

Þann 28. október var haldinn Morgunfundur um gildi umhverfissvottana bygginga fyrir fjárfesta, í samstarfi við IcelandSif. Aðilar Grænni byggðar, Reitir, Reginn og Reykjavíkurborg voru með erindi á fundinum og fjölluðu um sínar áherslur og verkefni. Fundurinn var haldinn í gegnum Zoom.



Reitir Fasteignafélag fá Svansvottun fyrir endurgerð skrifstofuhúsnæðis - þar sem Umhverfisstofnun er til húsa, fyrst fasteignafélaga á Norðurlöndum.

Morgunfundur með IDUNNI 29. október

Þann 29. október var fyrsti morgunfundur IDUNNAR og Grænni byggðar um sjálfbærni í byggingariðnaði. Þetta voru opnir fundir

og Ásgeir Valur Einarsson hjá IDUNNI var verkefnastjóri fundanna. Á þessum fyrsta fundi fengum við að hlýða á erindi frá Bergi Helgasyni, Gæða- og Öryggisstjóra hjá ÞG Verk ehf. og frá Berglindi Ósk Ólafsdóttur, verkefnastjóra umhverfismála hjá BYKO.

Lifum betur 31.október til 1. nóvember - gjöf til aðila

Grænni byggð tók þátt í fyrirlestrar veislunni Lifum betur dagana 31.október til 1. nóvember. Grænni byggð bauð aðilum sínum frían miða á fyrirlestra veisluna. Á ráðstefnunni voru Elísabet Sara og Þórhildur Fjóra með fyrirlestur um Grænni fjölbýli, verkefni sem unnið var í samstarfi við Eignaumsjón og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið styrkti.

Loftslagsstefna fyrirtækja

Þann 6. nóvember var morgunfundur með aðilum um loftslagsstefnu fyrirtækja. Ásdís Nína Magnúsdóttir frá Umhverfisstofnun kom og fræddi okkur um hvernig fyrirtæki og stofnanir geta sett sér markvissa loftslagsstefnu. Fundurinn var haldinn í gegnum Zoom.

Svansvottaðar endurbætur á húsnæði


Þann 12. nóvember var haldinn fundur um Svansvottaðar endurbætur í samstarfi við Umhverfisstofnun og Reiti fasteignafélag. En þann 18.september fengu Reitir afhent Svansleyfi fyrir endurbætur á skrifstofuhúsnæði Umhverfisstofnunar við Suðurlandsbraut 24. Framkvæmdirnar voru þær fyrstu sem fengu vottun samkvæmt viðmiðum Svansins fyrir umhverfisvottaðar endurbætur. Á fundinum voru erindi frá Reitum, Umhverfisstofnum og THG arkitektum. Fundurinn var haldinn á teams.

Morgunfundur með IDUNNI 19. nóvember

Á þennan fund um sjálfbærni í byggingariðnaði kom Finnur Sveinsson, umhverfisráðgjafi og Gísli Sigmundsson, húsasmíðameistari og fjölluðu þeir um Svansvottað einbýlishús í Urriðaholti.

Morgunfundur með IDUNNI 10. desember

Á þennan fund um sjálfbærni í byggingariðnaði kom Árni Stefánsson, Forstjóri Húsasmiðjunnar og Sandra Rán Ásgrímsdóttir, sjálfbærni verkfræðingur hjá Mannvit.



Fjölmiðlar

Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir og Dagur Bollason skrifuðu grein sem birtist í Fréttablaðinu 5. febrúar *Er nánast engin losun frá byggingariðnaði á Íslandi?*

Þórhildur Fjóla fór í hlaðvarpið skeggrætt hjá Bændablaðinu og í framhaldinu kom frétt um umhverfisáhrif byggingariðnaðarins á vefsíðu bændablaðsins.

Þórhildur Fjóla fór í *Samfélagið* í júní 2020 – á Rás 1 að ræða Covid19 og vistvæna byggð.

Viðtal var við Dag Bollason, Vigdís Bergsdóttur og Þórhildi Fjólu í þættinum *Óborg* –sem er þáttur um borgarskipulag og vistvænt skipulag – Dagur, Vigdís og Þórhildur voru í viðtali sumar 2019 en þættirnir komu í loftið í 2020 á Rás 1.

Sigríður Ósk Bjarnadóttir stjórnarmeðlimur hjá Grænni byggð fór í viðtal hjá Sævari Helga Bragasyni fyrir sjónvarpsþættina *Hvað getum við gert?* Þættirnir verða birtir á RÚV vorið 2021.

Þátttaka í viðburðum og erlent samstarf

Framkvæmdastjóri tók þátt í Evrópuráðstefnu um Levels sjálfbærni viðmiðunarkerfi Evrópubandalagsins og Evrópu fundi Green Building Councils sem fór fram í Brussel í febrúar.

Um haustið 2020 hóf Grænni byggð að leggja drög að nánara samstarfi varðandi að skipuleggja vef viðburði við systursamtök sín á Norðurlöndum.

Grænni byggð tók þátt í fundum á árinu á vegum Norrænu húsnæðismálaráðherra stýrt af Life Cycle Center í Svíþjóð, kallað Nordic working group for LCA.

Á kynningarfundum 2. mars 2020 á vegum Reykjavíkurborgar um C40 verkefnið, ReInventing Cities var Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir með erindi um grænar áherslur í byggingariðnaði.

Grænni byggð tók þátt í *Lifum betur* fyrirlestraveislunni sem var skipulögð af tímaritinu Í boði náttúrunnar sem nú heitir Lifum betur, en verkefnistjóri ráðstefnunnar var Guðbjörg Gissurardóttir.

Grænni byggð var einnig með á HönnunarMars í samstarfi við Arkitektafélag Íslands eins og sjá mátti undir Viðburðir.

Grænni byggð var búið að skrá sig til þátttöku á Verk og vit sýningunni í Laugardalshöll, en sýningunni hefur verið frestað til 2021 vegna Covid19.

Græn stefnumótun

Grænni byggð átti fund með ráðherra Húsnæðismála, Ásmundi Einari Daðasyni 29. janúar 2020. Á fund með ráðherra fóru Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, Ólafur H. Wallevik og Ragnar Ómarsson og lögðu þau fram áherslur Grænni byggðar um aukna áherslur á sjálfbærri byggingariðnað.

Grænni byggð sendi 1. október inn umsögn varðandi uppfærða aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Áhersla Grænni byggðar var að aðgerðinni yrði að fylgja fjármagn til þess að fara í nauðsynlega faglega vinnu og að hið opinbera setji á fjárhagslega hvata fyrir aðila í byggingariðnaði sem eru að vinna loftslags- og umhverfissvæn byggingarverkefni. Finna má umsögn Grænni byggðar í heild sinni á heimasíðu félagsins.

Útgefið efni

- Grænni byggð gaf út þrjú Fréttabréf á árinu sem aðgengileg eru á heimasíðu félagsins
- Upptökur frá viðburðum
- Norræn samantekt um stöðu umhverfismála í byggingariðnaði
- Síðustu skýrslur úr styrktum verkefnum frá 2019 frá Mannvirkjastofnun komu út árs byrjun 2020, eins og t.d.
- BREEAM efnis kröfurnar samantekt
- BREEAM gæða- og umhverfisstjórnun - Kröfurnar og hvernig hefur gengið að uppfylla þær á Íslandi
- Orkukröfur BREEAM 2016 og reynslan af að uppfylla þær í íslenskum verkefnum
- Vistferilsgreiningar - Umhverfisáhrif bygginga og byggingarefna frá vöggju til grafar



Byggjum grænni framtíð



Byggjum grænni framtíð er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins um vistvænni mannvirkjagerð en það á meðal annars rætur sínar að rekja til aðgerðar C.3 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Vinna í verkefninu Byggjum grænni framtíð hófst haustið 2020 og var fyrstu fundur hópstjóra haldinn 4. september 2020. En verkefnisstjóri verkefnisins er Þóra Margrét Þorgeirsdóttir hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Grænni byggð er í verkefnistjórn verkefnisins, bæði framkvæmdastjóri og stjórnarformaður og hefur tekinn virkan þátt í verkefninu frá upphafi þess.

Heimasíða verkefnisins er www.byggjumgraenniframtid.is